

## Styrkir til atvinnureksturs kvenna til markaðssetningar erlendis á handverki og hönnun afhentir.

Styrkir til atvinnureksturs kvenna til markaðssetningar erlendis á handverki og hönnun voru afhentir við formlega athöfn í Mýrinni í Kringlunni fimmtudaginn 18. mars sl. kl 14:00. Jafnframt var opnuð sýning í Mýrinni á þeim verkefnum sem hlutu styrk. Sýningin er liður í HönnunarMars sem stendur til sunnudagsins 21. mars. Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður stjórnar Byggðastofnunar og Hermann Ottósson forstöðumaður hjá Útflutningsráði Íslands afhentu styrkina og Iðnaðarráðherra Katrín Júlíusdóttir ávarpaði gesti. Eftirtalin verkefni hlutu styrk að upphæð 2 milljónir króna hvort.



Markmið með styrkveitingunni var að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða erlendis á handverki og hönnunarvörum. Styrkjunum er ætlað að skapa aukin verðmæti og ný markaðstækifæri og eru liður í framkvæmd á aðgerð í Byggðaáætlun um stuðning við atvinnurekstur kvenna. Við mat á umsóknum var einkum horft til þess að varan væri vönduð og samkeppnishæf og að allar markaðs- og kostnaðaráætlanir væru raunhæfar og vel skilgreindar. Auglýst var eftir umsóknum fyrr í vetur og bárust alls 19 umsóknir. Rýnihópur sem skipaður var fulltrúum frá Byggðastofnun, Handverki og hönnun, Listaháskóla Íslands, Ímark og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fór yfir umsóknirnar og gerðu tillögu til dómnefndar sem tók endanlega ákvörðun um þau verkefni sem hlutu styrki. Dómnefnd var skipuð fulltrúum frá Byggðastofnun, Útflutningsráði og Hönnunarmiðstöð Íslands.

### Nánar um styrkþega

#### Erna Óðinsdóttir

Erna Óðinsdóttir klæðskeri rekur klæðskeraverkstæðið kurl & kram á Flúðum sem selur vörur undir merkinu kurlproject. Um er að ræða íslenska fatahönnun og framleiðslu þar sem aðaláherslan er á íslensku ullina en einnig er leitað leiða til að blanda ullinni með öðrum efnisgerðum en eingöngu náttúrulegum efnum svo sem bómull, hör og silki. Erna hefur þróað ákveðið vinnulag við gerð á þífum úr íslensku ullinni sem mikið koma við sögu í hönnun fatnaðarins og setja sterkan svip á hönnunina. Heimasíða [www.kurlproject.is](http://www.kurlproject.is)



## Mynstrað Munngæti

Hugrún Ívarsdóttir er sjálfstætt starfandi hönnuður og hefur um árabil unnið að þróun og framleiðslu eigin hugmynda með aðaláherslu á verkefnið, Mynstrað Munngæti. Vörulína Hugrúnar byggir á þjóðararfi Íslendinga, laufabrauðinu og kynningu á Laufabrauðssetri Íslands sem opnað var 2009. Jólafrímerkið 2007 og jólaprýði póstins það sama ár var afrakstur verkefnis Hugrúnar. Nýjungar í vörulínu Hugrúnar eru svuntur og dúkar með laufabrauðsmynstri. Fleiri nýjungar eru væntanlegar frá Hugrúnu á næstunni. Heimasíða [www.merkilegt.is](http://www.merkilegt.is)



## Handlers

Dóra Ásgeirsdóttir og Bjarndís Helena Mitchell reka saman fyrirtækið Handlers ehf sem framleiðir sérhannaða sýningartauma fyrir hunda. Dóra er hundasnyrtir og hundasýnandi og Bjarndís er hundaræktandi og hefur að auki mikla reynslu af markaðsstörfum. Hönnun á taumnum er nýjung í sýningartaumum fyrir hunda þar sem handfangið auðveldar til muna það krefjandi verkefni að sýna hund fyrir dómi á auðveldan hátt. Handfangið gerir kleift að stilla lengd taumsins sem best fyrir hvern einstakling og hund ásamt því að hafa öruggt og gott grip á taumnum. Taumarnir eru til í stærðum fyrir allar tegundir hunda. Fleiri nýjungar eru í þróun hjá þeim í Handlers en efnið sem þær nota gerir þeim kleift að leika sér að hlutföllum en möguleikarnir á útfærslu eru ótal margir. Heimasíða [www.originalhandlers.com](http://www.originalhandlers.com)



## Úr hreiðri í sæng

Helga Björg Ingimarsdóttir er ferðaþjónustu- og sauðfjárþóndi á Höfnum á Skaga í Austur Húnavatnssýslu. Þar rekur hún að auki fyrirtækið Úr hreiðri í sæng sem framleiðir íslenskar æðardúnsængur. Framleiðslan á sængunum fer alfarið fram á Höfnum á Skaga og er dúnninn afurð úr æðarvarpi á staðnum. Sængurnar eru saumaðar úr dúnheldu bómullarlérefi eða silki og eru til í fullorðins- og ungbarnastærðum en að auki er hægt að sérpanta stærðir. Fyrirtækið er með vottun frá vottunarstofunni Tún. Það uppfyllir kröfur um framleiðslu á náttúruafurðum og aðföngum til lífrænnar framleiðslu. Jafnframt hefur það vottun um sjálfbæra framleiðslu.



[Á heimasíðu Byggðastofnunar má svo sjá nokkrar myndir frá styrkveitingunni](#)

Nánari upplýsingar veita Sigríður Elín Þórðardóttir [sigridur@byggdastofnun.is](mailto:sigridur@byggdastofnun.is) og Elín Gróa Karlsdóttir [elin@byggdastofnun.is](mailto:elin@byggdastofnun.is) eða í síma 455-5400

